

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði þriðjudaginn 4. apríl 2017, kl. 17:30. Fundur nr. 769.
Mætt eru: Bjarnveig (-fjarfundabúnaður), Einar, Elvar, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn.
Forföll boðuðu, Björgvin, Guðrún og Sigurður.

- 1) Fundur settur kl. 17:34.
- 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) Bréf dagsett, 27. feb. frá SSÍ: Sundþing 24.-25.mars 2017. Lagt fram til kynningar.
 - b) Bréf dagsett, 3. mars, frá Rannís: Niðurstaða Íþróttasjóðs 2017. Lagt fram til kynningar UMSE fékk ekki styrk sem sótt var um vegna frágangs sögulegra gagna.
 - c) Bréf dagsett, 3. mars, frá Sundfélaginu Rán: Nýr formaður hjá Sundfélaginu Rán. Lagt fram til kynningar.
 - d) Bréf dagsett, 7. mars, frá TKÍ: Ársþing TKÍ - síðara fundarboð. Lagt fram til kynningar.
 - e) Bréf dagsett, 8. mars, frá ÍSÍ: Skýrsla um endurskoðun Afrekssjóðs. Lagt fram til kynningar.
 - f) Bréf dagsett, 9. mars, frá KKÍ: KKÍ þing 22.apríl – þingboð. Lagt fram til kynningar.
 - g) Bréf dagsett, 10. mars, frá ÍSÍ: Vinnufundur með sambandsaðilum ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - h) Bréf dagsett, 12. mars, frá SSÍ: Ársþing SSÍ 2017, frekari upplýsingar. Lagt fram til kynningar.
 - i) Bréf dagsett, 20. mars, frá UMFÍ: Opið fyrir umsóknir í Fræðslu- og verkefnasjóð. Lagt fram til kynningar.
 - j) Bréf dagsett, 30. mars, frá KKÍ: Kjörbréf fyrir Körfuknattleiksþing 2017. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ferðakostnaður vegna ársþings KSÍ.
 - a) Flug Akureyri-Reykjavík-Akureyri: kr. 22.925.-
 - b) Flug Reykjavík-Vestmannaeyjar-Reykjavík: kr. 25.000.-
 - c) Enn eiga eftir að koma kvittanir vegna gistingar.
Samþykkt að greiða ferðakostnað og gistingu vegna Garðars Níelssonar fulltrúa Umf. Svarfdæla sem sat ársþing KSÍ.
- 5) Fulltrúi á Íþróttþing ÍSÍ.
Fer fram í Gullhömrum í Reykjavík 5. – 6. maí. UMSE á einn fulltrúa á þinginu og samþykkt að framkvæmdastjóri fari á þingið fyrir hönd sambandsins.
- 6) Ferð UMFÍ til Danmerkur á landsmót DGI.
 - a) UMFÍ stefnir á hópferð á landsmót DGI í Danmörku dagana 28. júní – 3. júlí nk. Markmið ferðarinnar er að taka þátt í stærsta viðburði DGI, þ.e. landsmóti, sem hefur verið í mikilli þróun og tekið stakkaskiptum síðustu ár, sérstaklega hvað varðar þátttöku ungs fólks. Jafnframt er það markmið ferðarinnar að læra af reynslu Dana og færa þekkinguna heim. Sérstök áhersla verður á að skoða hvernig Dönun hefur tekist að auka hlut ungmenna á mótinu og þannig gefa þátttakendum verkfæri til að mæta þörfum ungs fólks betur.
 - b) Skráning er til 28. apríl nk. Nánari upplýsingar veitir Sabína, landsfulltrúi UMFÍ. Netfang: sabina@umfi.is. UMSE stefnir á að senda tvo fulltrúa á mótið.

7) Ársþingið.

- a) Þinggerð verður send út til stjórnar og lögð fram á næsta stjórnarfund. Fundurinn fór yfir þingið rætt um það sem vel var gert og það sem má bæta fyrir næsta ársþing.

8) Önnur mál

a) Málefni Skíðafélags Dalvíkur:

- i) Skíðafélag Dalvíkur var í Héraðsdómi Norðurlands, 27. mars 2017, dæmt skaðabótaskyldt vegna slyss sem varð á skíðasvæðinu í Bökkvisstaðafjalli, 2. febrúar 2013.
- ii) Dómsorð (<https://domstolar.is/heradsdomstolar/nordurland-eystra/domar/domur/?id=90e1828e-d82a-4c42-b644-beb4de8c950a>):
Stefnda, Skíðafélag Dalvíkur, greiði stefnanda, 7.770.740 krónur með 4,5% ársvöxtum af 1.489.700 krónum frá 2. febrúar 2013 til 2. febrúar 2014, en af 7.770.744 krónum frá þeim degi til 3. janúar 2016, og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 9. gr. laganna, af 7.770.744 krónum frá þeim degi til greiðsludags.
Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 1.500.000 þóknun lögmanns hennar, Björgvins Þórðarsonar hrl.
Stefnda greiði 1.500.000 krónur í málskostnað í ríkissjóð.
- iii) Stjórn Skíðafélags Dalvíkur hefur sent frá sér eftirfarandi tilkynningu og birt á vefsíðu sinni (http://skidavik.is/frettir/2418-Skidasvaedinu_lokad):
„Skíðasvæðinu lokað.
Stjórn Skíðafélags Dalvíkur tók þá ákvörðun á stjórnarfund í kvöld að loka skíðasvæðinu í Bökkvisstaðafjalli um óákveðin tíma frá og með þriðjudeginum 4. apríl. Ákvörðunin var tekin í kjölfar dóms Héraðsdóms Norðurlands Eystra þar sem félaginu er gert að greiða skíðakonu rúmar 7.7 miljónir, auk vaxta og málskostnaðar í skaðabætur vegna skíðaóhapps. Næstu dagar verða notaðir til þess að fara yfir stöðuna og kanna meðal annars hvort rekstrargrundvöllur svæðisins sé brostinn. Gert er ráð fyrir að í lok vikunnar liggi fyrir hvort svæðið verður opnað aftur í vetur.
Veturinn í vetur hefur verið snjóléttur og nú eru lágmarksaðstæður á skíðasvæðinu en samt sem áður hefur svæðið verið opið í 75 daga á skíðavertíðinni. Á skíðasvæðinu starfa sjö starfsmenn í fimm stöðugildum. Rúmlega 100 börn og unglingar stunda æfingar hjá félaginu og eru fjórir þjálfarar auk aðstoðarfólks sem sjá um kennslu og þjálfun.
Stjórn Skíðafélags Dalvíkur“

Stjórn UMSE fór yfir málið og mun styðja Skíðafélag Dalvíkur af heilum hug í þessu máli.

b) Erindi frá iðkanda UMSE:

- i) Þar sem fram kemur að keppandi hafi meiðst á fæti þegar hann var að keppa á norska meistaramótinu í frjálsum íþróttum. Hann keppti undir merkjum UMSE. Óskað er eftir aðstoð frá UMSE vegna kostnaðar við meðferð sem keppandi fór í vegna meiðsla sinna. Málið rætt, framkvæmdastjóri tekur að sér að fara yfir málið

með keppandanum, benda honum á að skoða rétt sinn hjá Íþróttta - og slysasjóði ÍSÍ og leita allra leiða til að góð niðurstaða fáiast.

c) Felix námskeið.

Framkvæmdastóri sagði frá því að mjög góð þátttaka var á námskeiði sem UMSE stóð fyrir að kveldi 3. apríl til kynningar á nýrri útgáfu af Felix. Námskeiðið var haldið í Búgarði og var það sótt af félögum úr UMSE og ÍBA.

d) Samningur við Bústópa.

Framkvæmdastjóri upplýsti að samningur á milli UMSE og Bústólpa er útrunninn. Undirbúningur er hafinn vegna viðræðna við Bústólpa um nýjan samning.

e) Nefndarstörf.

Umræður um nefndir innan UMSE, rætt um leiðir til að efla nefndarstarf. Þær nefndir sem sambandið leggur áherslu á að manna og virkja til góðra starfa eru: Forvarnar - og fræðslunefnd, knattspyrnunefnd, frálsíþróttanefnd og unglíngalandsmótsnefnd. Stjórn tilnefnir Sigurð Eiríksson sem sinn fulltrúa í sjóðsstjórn fræðslu - og verkefnasjóð UMSE með fyrirvara um hans samþykki hans.

9) Næsti fundur ákveðin miðvikudaginn 3. maí kl. 19:00 í Búgarði. Bjarnveig kemur með veitingar.

10) Fundi slitið kl. 19:08.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
